

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070100144/óaj

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Öndverðaness við Selvík í Grímsnes- og Grafningshreppi

Við er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framangreint deiliskipulag. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 11 nýjum frístundahúsum og er hámarksstærð þeirra 200 m². Húsin verða tengd inn á sameiginlega fráveitu sem er á svæðinu en neysluvatn verður fengið úr Vatnsveitu Selvíkur. Lögnum verður komið fyrir í og við vegi eða stíga eins og hægt er. Samkvæmt deiliskipulagsskilmálum verður trjárækt á svæðinu bundin við ríkjandi trjátegundir.

Umhverfisstofnun bendir á að framangreint deiliskipulagssvæði er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, Alviðra og Sog, en í skránni er eftirfarandi lýsing á svæðinu:

Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá úrmótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrafossvirkjun), ásamt Álfavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að á umræddu deiliskipulagssvæði er víða þéttvaxinn birkiskógur. Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Umhverfisstofnun telur því að skipuleggja eigi svæði fyrir frístundabyggð utan eða í jaðri


náttúrulegra birkiskóga og kjarri vaxinna svæða en ekki innan þeirra. Ef hins vegar leyfi verður veitt fyrir frístundabyggð innan svæðisins telur Umhverfisstofnun að halda ætti skerðingu birkikjars í lágmarki. Umhverfisstofnun telur að hér sé góð ástæða fyrir því að minnka byggingarfleti á umræddum frístundalóðunum, þ. á m. sólþöllum.


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. lið 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kann ruðningur á náttúrulegum skógi að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmdina. Er þá metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Á deiliskipulagsupprætti eru byggingarreitir tveggja frístundahúsa staðsettir í um 50 m fjarlægð frá bökkum Álftavatns. Samkvæmt náttúruminjaskrá er talið æskilegt að 200 metra spilda beggja vegna Sogsins og Álftavatns sé tekin frá til verndunar. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að fara með byggingarreiti sumarhúsa á þessu svæði nær Álftavatni en sem nemur 100 metrum til að stuðla að vernd svæðisins og tryggja nægjanlegt rými fyrir útivist meðfram vatninu.

Umhverfisstofnun bendir á að á umræddu deiliskipulagssvæði er að finna eldhraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ber að forðast röskun þeirra eins og kostur er. Stofnunin telur nauðsynlegt að hrauni á umræddu svæði sé hlíft eins og kostur eins og segir í fyrrnefndri lagagrein. Leggja ætti vegi ofan á hraun þar sem það er hægt en ekki ryðja slóðir í gegnum hraunið.

Virðingarfyllt


Olafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun